

**A 1886/tillvæxt**

<b>Flytjandi</b>	Flokkahópur hægrimanna
<b>Afgreiðsla</b>	Forsætisnefndin

**Þingmannatillaga  
um Norðurlönd sem jarðefnaeldsneytislösun flugmarkað árið 2040****Tillaga**

Flokkahópur hægrimanna leggur til að

Norðurlandaráð beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um

að hún móti sameiginlega áætlun um að Norðurlönd verði fyrsti jarðefnaeldsneytislösi flugmarkaður í heimi árið 2040

**Bakgrunnur**

Norðurlönd eru á margan hátt einstök. Á sumum svæðum Norðurlanda eru landfræðileg skilyrði með þeim hætti að erfiðleikum er bundið að leggja járnbrautir og vegi og því erum við í öllum löndum okkar háð innanlandsflugi til að tryggja aðgengi til allra landshluta.

Á Norðurlöndum er gott aðgengi að jarðefnaeldsneytislösu rafmagni og hráefni til framleiðslu á líföldsneyti. Þá eru norræn fyrirtæki í starthöllum að hefja framleiðslu á öflugum rafgeymum ásamt þróun og framleiðslu á rafdrifnum flugvéllum. Einnig er innan Norðurlanda verið að þróa tækni til að nýta vetni í stað jarðefnaeldsneytis í flugi en með því gæti orðið kleift að fljúga jafnvel meiri vegalengdir alveg án jarðefnaeldsneytis.

Í grein í Forbes þann 2. apríl 2021 var norræni flugmarkaðurinn sagður henta fullkomlega til að ryðja brautina fyrir jarðefnaeldsneytislösum flugum. Á Norðurlöndum eru margir smærri flugvöllir og stuttar flugleiðir sem henta vel fyrir rafflug. Þær rafmagnsflugvélar sem gert er ráð fyrir að komi á markað árið 2026 taka 20 farþega og munu geta flogið vegalengdir ekki aðeins á borð við þær á milli sænskra borga heldur einnig á milli norrænna borga, svo sem Óslóar og Karlstad.

Rafflugvélar hafa í för með sér að núverandi fyrirkomulagi þar sem aðeins er flogið frá svæðisbundnum flugvöllum til stórra og ríkisrekinna flugvalla í borgum kann að vera skipt út fyrir kerfi þar sem minni flugvélar fljúga t.d. á milli Ängelholm og Örebro. Eins konar rafdrifnar rútur í loftinu. Við munum geta flogið á milli norrænna borga í minni flugvéllum, án jarðefnaeldsneytis og ódýrt til lengri tíma. Stjórn málin þurfa að sjá til þess að fyrir hendi séu skilyrði fyrir markaðsdrifinni þróun með því að



tryggja að hægt verði að hlaða slíkar rafflugvélar með endurnýjanlegri raforku á öllum svæðisbundnum flugvöllum sem notaðir eru í atvinnuflugi.

Norðurlönd geta rutt brautina og skapað jarðefnaeldsneytislösun flugmarkað sem bindur lönd okkar saman. Það hefur í för með sér ávinning fyrir loftslagið en gefur norrænum fyrirtækjum einnig góð viðskiptatækifæri á vaxandi markaði fyrir jarðefnaeldsneytislöst flug. Til lengri tíma litið hefur vetni það í för með sér að allt flug getur orðið án jarðefnaeldsneytis, einnig langar leiðir og með stórum flugvélum.

Öll norrænu löndin hafa sett sér háleit markmið í loftslagsmálum. Saman höfum við forsendur til að skapa jarðefnaeldsneytislösun flugmarkað fyrir árið 2040 sem getur orðið fyrirmynd annars staðar í heiminum. Þar sem margar flugleiðir á Norðurlöndum liggja yfir landamæri okkar er mikilvægt að hafa sameiginlega áætlun um jarðefnaeldsneytislösun flugmarkað auk þess sem það eykur líkur á að hægt sé að ýta henni í framkvæmd.

Norrænt notagildi felst í aukningu á frjálsri för og bættu loftslagi.

Norðurlöndum 18. maí 2021

*Anna-Kaisa Ikonen (saml)*

*Bente Stein Mathisen (H)*

*Cecilie Tenfjord-Toftby (M)*

*Hans Wallmark (M)*

*Juhana Vartiainen (saml)*

*Maria Stockhaus (M)*

*Marianne Synnes Emblemståg (H)*

*Michael Tetzschner (H)*

*Nils Aage Jegstad (H)*

*Norunn Tveiten Benestad (H)*

*Pål Jonson (M)*

*Rasmus Jarlov (K)*

*Solveig Sundbø Abrahamsen (H)*

*Vilhjálmur Árnason (Sj.)*

*Wille Rydman (saml)*